Mikrókosmos Valgerðar Hafstað

Valgerður Hafstað sýnir um þessar mundir í vestursal Kjarvalsstaða 60 myndir, sem hún hefur unnið á undanförnum 3-4 árum. Þetta eru allt fremur smágerð verk, unnin í olíu, akrýl og vatnslit. Valgerður hefur lengi verið búsett erlendis, fyrst í París (1958-74), en undanfarin 10 ár hefur hún búið og starfað í New York.

List Valgerðar ber mjög svipmót evrópsks málverks, eins og það leit út eftir lok hildarleiksins miklar, árið 1945. Það er greinilegt að hún hefur mótað sér persónulegan stíl innan hinnar frjálsu og lýrísku abstraksjónar, sem Frakkinn Jeal Fautrier og Þjóðverjinn Wols (A.O.W. Schulze) innleiddu í evrópskan listaheim undir lok stríðsins.

Þó er svo að Fautrier og Wols séu yfirleitt taldir feður þessara innilegu (intim) abstraktlistar, er hægt að rekja upphafið miklu lengra aftur, eða til fyrstu abstraksjóna rússneska listamannsins Vassiljis Kandinskys. Tilraunir þær sem hann vann á pappír með vantslitum, í lok fyrsta áratugar þessarar aldar, eru raunar fullt eins afgerandi fyrir list eftirstríðsáranna. Ekki voru áhrif svissneska listamannsins Pauls Klee minni, en hann dó í byrjun heimstyrjaldarinnar síðari. Klee vann öll sín verk á smágerðum fleti og hugmyndaflug hans var óþrjótandi, bæði hvað varðar efni og aðferðir.

Þannig má segja að Valgerður byggi á grunni þeim sem þessir tveir miklu meistarar reistu á fyrri hluta aldarinnar, en sem listamenn tóku ekki að vinna úr fyrr en komið var hátt á 5. áratuginn.

Leiða má líkum að því að mósík- og glerlistin sem Valgerður vann að í París, eftir að námi hennar við La Grande Chaumiere lauk, hafi haft jafn afgerandi áhrif á málaralist hennar. Það er eftirtektarvert að tilfinning hennar fyrir ljósi og birtuskilum er náskyld tilfinningu glerlistarmannsins.


Fíngerð form hennar og notkun á afmarkandi eða umlykjandi línum, minna á mósaík, þótt einnig megi finna slík vinnubrögð



í fórum annarra málara af Parísarskólanum, s.s. hjá Bazaine, Riopelle og Vieira da Silva. En Valgerður notar þessa reynslu úr listiðninni á sinn persónulega hátt.

Það er greinilegt að þrátt fyrir áratugardvöl í Bandaríkjunum heldur Valgerður áfram að vera trú sínum upphaflega stíl og hvergi ber á amerískum áhrifum á list hennar. Þrátt fyrir búsetu á miðri Manhattan-eyju innan um sýningasali og söfn, heldur list Valgerðar áfram að vera frönsk í anda, eða öllu heldur evrópsk. Það er mikrókosmos hinnar gamalreyndu yfirvegunar, sem byggir á löngum hefðum, en ekki makrókosmos tilraunakenndar nýsköpunar, sem blasir við áhorfandanum þegar hann gengur inn á sýningu Valgerðar.

HBR



Staðaröxl. Olíumálverk frá 1984, eftir Valgerði.

vaxtareikningur

BETRI KOSTUR

Reglulegur samanburður er gerður á kjörum Hávaxtareiknings og verðtryggðra reikninga hjá bankanum. Og er það stefna Samvinnubankans að Hávaxtakjör verði alltaf betri kostur en verðtryggð kjör hjá bankanum.


Hækkandi vextir
Hávaxtareikningur ber stighækkandi vexti, 17% í fyrstu sem strax eftir 2 mánuði hækka um 1,5% á mánuði uns 24,5% er náð. Eftir samanlagðan 12 mánaða sparnað hækka vextirnir síðan um 1% til viðbótar og eru 25,5% upp frá því.

Ársávöxtun
Vextir leggjast við höfuðstól 30. júní og 31. desember ár hvert og fer því ársávöxtun aldrei niður fyrir 27,12% en getur náð 27,58% sem ræðst af því hvenær ársins lagt er inn.

Vextir frá stofndegi
Allar vaxtahækkanir Hávaxtareiknings reiknast frá stofndegi og falla aldrei niður á sparnaðartímanum. Þannig tryggir afturvirk prósentuhækkun bestu kjörin.

Nýstárlegt fyrirkomulag
Stofnskírteini er gefið út fyrir hverri innborgun og er hvert stofnskírteini til útborgunar í einu lagi. Því er sjálfsagt að deila innborgun á fleiri skírteini sem gerir úttekt á hluta fjárins mögulega, án þess að vaxtakjör eftirstöðva rýrni.

Óbundinn
Hvert skírteini er laust til útborgunar fyrirvaralaust.



Auglýsingastofa Ernst Backman

Betri kjör bjóðast varla.

Samvinnubankinn

Persónulegt jólakort segir meira!

....OG ÞAÐ FYRIR AÐEINS 13 KR. STK.*
Nú geturðu komið vinum og vandamönnum skemmtilega á óvart með jólakorti sem skartar þinni eigin ljósmynd og sparað um leið dágóða upphæð.
Taktu mynd sem fyrst eða veldu eina góða úr safninu og við sjáum um að gera úr henni kort sem stendur upp úr jólakortaflóðinu í ár.
Allt sem við þurfum er filman þín.



HANS PETERSEN HF
Umboðsmenn um land allt

* Kort með umslagi. Minnsta pöntun er 10 stk. eftir sömu mynd.

Kodak FRAMKÖLLUN

91.34